

From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Júlí 2010 10. tlb

Kæru formenn deilda

Til hamingju, 1. júlí eruð þið formlega teknar við formennsku í ykkar deildum. Þið eigið eftir að finna að það er gaman að vinna fyrir þessi samtök og stýra starfi deildarinnar.

Fráfarandi formönnum þakka ég vel unnin störf og góða samvinnu. Þeir sitja með nýrri stjórn og veita nýjum formönnum stuðning. Eins og ég sagði í síðasta bréfi þá er nauðsynlegt að ákveðin samfella sé í starfinu, sérstaklega varðandi þær relgur og venjur sem ganga mann fram að manni. Það er einnig óþarfi að nýr formaður þurfi að finna upp hjólið, betra að hún fái nægan tíma til að sinna innra starfinu. Á næstu tveimur árum kynnist þið samtökunum á annan hátt en þið hafið gert hingað til.

Framkvæmdaráðsfundurinn verður 4. september. Ég sagði í bréfi til ykkar um daginn að formenn sitja í framkvæmdaráði með stjórn landssambandsins. Þar er farið yfir það sem máli skiptir í sambandi við starfsemi samtakanna, framkvæmdaráætlun rædd og upplýsingum komið á framfæri. Þar verður farið yfir það helsta sem viðkemur lögum, reglum, leiðbeiningum og stjórnunarstörfum. Ég hef látið ykkur flestar hafa handbók frá alþjóðaskrifstofunni, en síðan mun ég biðja ykkur um að lesa vel handbókina sem er á vefnum (sjá hér að neðan). En meira um það í ágústbréfi.

Við erum fjórar sem förum á alþjóðþingið í júlí og hlakka ég til að segja ykkur frá því.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs og gæfuríks sumars og hlakka til samstarfs í vetur.

Upplýsingar

Framkvæmdaráðsfundur er 4. september kl 9-15 í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Nánari upplýsingar verða sendar út í ágúst.

Ég mun senda þetta bréf í framtíðinn í einnig til formanna nefnda, þeim til upplýsinga, en síðan eru þessi bréf á vefnum. Undir starfsemi og efni fyrir formenn (lykilorð lykili)

Til framkvæmda

Handbókin er á vefnum http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn. Lykilorð er lykili. Það lykilorð gildir allsstaðar á vefnum okkar.



Það er um að gera að nota þenna tíma til að hugleiða hvað þið viljið gera í ykkar stjórnartíð, en notið sumarið til að láta ykkur líða vel kæru systur og safna kröftum fyrir næsta vetur í leik og starfi.

Júlí 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	lau	Sun
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	


Á döfinni:

1. júlí. Stjórnarskipti í deildum

Vika 29. Alþjóðþingið í Spokane, Wasingtonfylki

September 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	lau	Sun
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

4. september. Framkvæmdaráðsfundur



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG